

Fundur hjá foreldrafélaginu 5. nóv kl. 14.00 á Skaftell Bistró,

Mættar eru *Tinna, Auður, Elva, Jóhanna, Hanna og Sigga* sem ritar fundargerð.

1. síðasta fundargerð: samþykkt

2. síðasti fundur í fræðslunefnd: 30. okt. Jóhanna er í fræðslunefnd og er þá okkar fulltrúi þarna inni. Fundurinn fór í áætlanagerð.

3. Skólaselið: útskrift frá fræðslunefndinni til foreldrafélagsins er varðar lengingu dvalartíma skólasels: kom tölvupóstur og það á að reyna að koma þessu til framkvæmda um áramót.

4. tenglafundur: fámennur en góður. Sigga og Elva mættu fyrir okkar hönd. Mjög fáir tenglar mættu, einungis foreldrar úr 4 bekkjardeildum, en það var tekið vel í að setja fútt í tenglastarfið. Sjá fundargerð um þann fund. Sigga talar við tengla sem mættu ekki.

5. Myrkaball: það tókst ágætlega, nemendaráð/unglingarnir eru alltaf að verða sjálfstæðari og gerðu meira í ár en í fyrra og á næsta ári verður allt í þeirra höndum, við verðum bara með til stuðnings. Á næsta ári er þá eðlilegt að kennarinn sem heldur utan um félagsstarfið sé primus mótur í undirbúningi og samhæfingu leikskóladeildar og grunnskóladeildar. Punktur til endurskoðunnar fyrir næsta ár; meira ljós fyrir yngstu börnin, lengra á milli balla, miðstigið; annað hvort meiri dagskrá eða styttra ball.

Þórunn er að gera skýrslu – sendum okkar punkta á hana.

Grikk og gott? Ákveða einn dag þar sem börnin ganga í hús. Biðja bæinn um að sjá um kynninguna, að biðja bæjarbúa að taka á móti börnunum á laugardegi á dögum myrkurs!

6. Tendrun á ljósum jólatrésins: Foreldrafélag leikskólans ætlar ekki að taka þetta og því fellur þetta niður í ár.

7. Jólaföndur með Listadeild: listadeildin hafði samband og bað um að við kæmum að jólaföndri í Rauða skóla 13. desember. Kasúal stund, föndur og jafnvel bakstur (við misskildum eitthvað með tónleika þarna inn í en þetta kom frá Auði eftir fund; Jólakort (jólakósí fjölskyldurnar) kl. 16-18, kakó, piparkökur, upplestur á jólasögum, jólalög sungin, einfalt föndur (t.d jólakortagerð, endurunninn jólapappír). Notaleg stund, þar sem við verðum með umsjón með föndri og/eða kakógerð. Ath hvort tímasetningin stangist á við eitthvað annað?

8. Starfsáætlun: samþykkt (sjá í fylgiskjali)

9. Annað:

örnámskeiðin; skák frestast eitthvað og lóðunarnámskeiðið verður mögulega í nóvember.

Umferðaöryggið; getur ekki orðið vistgata út af sjúkrabíla-aðgangi. En það á að bæta merkingar og laga hraðhindranirnar.

Sparkvöllur; það er verið að loka fjárhagsáætlun, Elva stingur upp á að grasvöllurinn verði notaður fyrir börnin. Þau þurfa að fara að æfa á stærri velli og á alvöru grasi. Nú er meistaradeild Hugins og Hattar sameinaðar, svo það er rökrétt að börnin fái aðgang að velli.

Fundi slitið kl. 14.55!!!! Þetta er met